

M-92/2011. Álit 16. febrúar 2012.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. febrúar 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-92/2011:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. október sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna gjafabréfs sem hann keypti af Y. Krafðist álitsbeiðandi þess að fá gjafabréfið, að upphæð kr. 15.000, endurgreitt.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 13. október sl., og veitti til þess frest til 27. október sl., en engar athugasemdir bárust.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt gjafabréf að upphæð kr. 15.000 í Y þann 6. júní 2011 handa eiginkonu sinni. Samkvæmt skilmálum gjafabréfsins yrði viðtakandi þess að hafa samráð við Y um úttekt samkvæmt því. Hafi gengið bagalega að fá tilgreinda þjónustu samkvæmt bréfinu en eftir ítrekaðar tilraunir þess efnis og að tveimur mánuðum liðnum fór viðtakandi gjafabréfsins fram á endurgreiðslu þess. Seljandi hafnaði því en bauð í staðin álitsbeiðanda aðra þjónustu en gjafabréfið hljóðaði upp á. Álitsbeiðandi telur að þegar slík þjónusta sé keypt sé vinsemi og góð samskipti milli viðskiptavinar og þess er veittir þjónustu lykiltríði. Hann telur hvorugt hafa verið til staðar og góð gjöf hafi snúist upp í andhverfu sína.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kaup álitsbeiðanda á gjafabréfinu falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna.

Viðskiptum aðila var þannig háttað að gjafabréf var keypt og átti álitsbeiðandi að hafa samráð við seljanda um úttekt samkvæmt bréfinu. Samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda voru gerðar ítrekaðar tilraunir, á tímabilinu 7. júní s.l. til 8. ágúst s.l., til að bóka hinn svokallaða dekurdag sem gjafabréfið hljóðaði uppá. Ekkert varð úr efndum samkvæmt bréfinu og getur það ekki talist vera vegna aðstæðna sem vörðuðu álitsbeiðanda. Ekkert hefur komið fram annað en að lýsing álitsbeiðanda á málavöxtum sé rétt. Þegar um greiðsludrátt er að ræða af hálfu seljanda ber honum að tilkynna neytanda um hvort um sé að ræða hindrun eða annan ómöguleika sem kemur í veg fyrir efndir samnings sbr. 25. gr. laga nr. 48/2003. Engu slíku er fyrir að fara í fyrirbyggjandi máli.

Vanefndir Y á samningi aðila veitir því neytanda rétt til beitingu vanefndaúrræða sbr. V. kafla laga nr. 48/2003. Þar kemur fram að neytandi geti rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48/2003. Við mat á því hvort um verulega vanefnd sé að ræða þarf að meta hvaða þýðingu afhendingardrátturinn

hefur fyrir neytandann sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 48/2003. Með vísan til þessa og með hliðsjón af eðli kaupa og hagsmunum aðila telur kærunefndin ljóst að álitsbeiðandi eigi rétt til riftunar á samningi aðila. Samkvæmt meginreglum um riftun ber að skila þeim greiðslum sem þegar hafa fram farið sbr. 1. og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 48/2003.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða kærunefndarinnar að Y sé skylt að endurgreiða álitsbeiðanda gjafabréf það sem um er deilt, að upphæð kr. 15.000

V

Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 15.000.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir